

Foreldraráð 2025–2026

Fundargerð – 2. Júní 2026 kl. 15:30

Fundarstaður: Leikskólinn Núpur

Mættir:

Svana Kristinsdóttir, leikskólastjóri

Ísabella María Markan, sérkennslustjóri

Ólöf Rún Ásgeirsdóttir, foreldri

Lilja Birgisdóttir, foreldri

Hanna Auður, foreldri

Námsferð kennara

Fengið var leyfi fyrir auka skipulagsdegi til þess að fara í námsferð á næsta ári. Unnið er að því að kanna mögulega áfangastaði og námskeið. Til skoðunar er námsferð sem sameinar faglega fræðslu, hópefli og eflingu liðsheildar. Gert er ráð fyrir að ferðin fari fram í maí á næsta ári. Fyrstu hugmyndir um námskeið gengu ekki upp þar sem fyrirhugaður tími reyndist ekki framkvæmanlegur.

Niðurstöður – vinnustaða greining

Niðurstöður vinnustaðagreiningar benda til þess að starfsánægja sé undir væntingum. Leikskólinn Núpur mælist lægra en aðrir leikskólar í Kópavogi. Dreifingartölur liggja ekki fyrir en niðurstöður gefa tilefni til frekari skoðunar og úrbóta. Rætt var um að óska eftir fundi með mannauðsstjóra Kópavogsbæjar til að fá aðstoð við nánari greiningu á niðurstöðum. Einnig kom fram hugmynd um að halda hópasamtöl við starfsfólk til að fá betri innsýn í stöðuna.

Umræður og mögulegir áhrifaþættir:

- Getur verið að sala á hádegishléi hafi áhrif á líðan fólks.
 - Er of lítið að fá neyslhlé í staðin fyrir hádegishlé?

- Það að loka aldrei, er það að valda of miklu álagi?

Starfsáætlun

Starfsáætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2026. Unnið er að lokafrágangi hennar og verður hún svo send foreldraráði til yfirlstrar og samþykktar.

Sumarfrí

Foreldraráð hittist aftur næst eftir sumarfrí.

Fundarlök

Fundi slitið kl. 16:10

Fundargerð ritar: Ólöf Rún Ásgeirsdóttir